



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskólann Nes/Bakka

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. september 2022, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að börn í Staðahverfi í Grafarvogi haldi áfram að hafa forgang að plássum í leikskóla hverfisins (leikskóladeild), Bakka, og horfið verður frá áformum um að frá og með 1. janúar 2023 eigi börn í hverfinu að sækja leikskóla í öðru hverfi, leikskólanum Hömrum.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Á fundinum var jafnframt samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata:

Tillögu Sjálfstæðisflokks varðandi forgang barna í Staðahverfi að leikskóladeild að Bakka sem tilheyrir leikskólanum Nesi er vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Leikskólinn Bakki er hluti af sameinaða leikskólanum Nesi, sem samanstendur af Bakka og Hömrum. Leikskólinn Nes hefur verið starfandi síðan 2016.

Í tillögu formanns borgarráðs um uppbyggingu leikskóla frá 16. ágúst 2022 er lagt til að skoða hvernig nýta megi betur húsnæði borgarinnar undir leikskólastarf. Hluti af rýni skóla- og frístundasviðs var að skoða hvort að nýta mætti betur húsnæði leikskólans Bakka, fyrir önnur börn.

Í Bakka eru 16 börn með vistun en leikskólinn er með rekstrarleyfi fyrir 58 börn. Það þýðir að pláss er fyrir 42 börn til viðbótar í húsnæði Bakka.

Ákveðið var að opna Ævintýraborg í Vogabyggð í húsnæði Bakka í september 2022 en áætlað er að húsnæði leikskólans við Naustavog verði tilbúið í desember 2022. Samhliða þeirri ákvörðun var talið ákjósanlegt að færa börnin á Bakka yfir í Hamra þar sem áætlað var að nýta húsnæði dagforeldra við Hamravík 14a. En það húsnæði losnaði í byrjun september. Fundur var haldinn með foreldrum barna í Bakka þann 29. ágúst 2022, þar sem tillagan að tilfærslu barna var kynnt. Foreldrar voru mjög mótfallnir hugmyndinni og var því ákveðið að hætta við þessi áform.



Staðan í dag er sú að 16 börn eru í leikskólanum Bakka og enginn starfsmaður. 13 börn eru í Vogabyggð og 19 starfsmenn, öll staðsett í húsnæði Bakka. Starfsfólk sem tilheyrir Vogabyggð hafa umsjón með báðum barnahópum.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að loka leikskólanum Bakka og ekki hefur verið tekin ákvörðun um að börnin í hverfinu sæki leikskóla í öðru hverfi frá 1. janúar 2023. Verið er að skoða þrjár sviðsmyndir sem geta orðið að veruleika þegar starfsfólk og börn úr Vogabyggð færa sig yfir í sitt endanlega húsnæði.

1. Að sjálfstætt starfandi leikskóli taki við húsnæði Bakka og hefji þar leikskólastarf.
2. Að leikskólinn Nes verði lagður af og leikskólarnir Hamrar og Bakki starfi í sitthvoru lagi. Leikskólastjóri yrði þá ráðin í Bakka og lagt yrði upp með að efla leikskólastarfið með fagfólki ásamt því að skoða möguleika á því að fjölga börnum í leikskólanum úr öðrum hverfum, sbr. Ulfarsárdal.
3. Að börnin í Bakka flytjist í aðra leikskóla og leikskólanum verði lokað. Húsnæðið yrði þá nýtt fyrir leikskóla sem þurfa á tímabundnu húsnæði að halda.

Þessar þrjár sviðsmyndir eru nú í skoðun hjá skóla- og frístundasviði og leggjum við kapp á að bjóða upp á leikskólastarf fyrir börnin í hverfinu eins og í öðrum hverfum.

Samkvæmt gr. 1.a í [reglum um leikskólaláttunustu](#) innritast börn í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Þar af leiðandi geta börn í ákveðnu hverfi ekki verið með forgang að plássum í leikskóla hverfisins umfram önnur börn.